

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá (Mál nr. 92/2021)

Þann 31. mars sl. birtust upplýsingar á samráðsgátt frá Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu um drög að frumvarpi til laga um alþjóðlega skipaskrá.

Eins og áður hefur komið fram þá gegnir kaupskipaútgerð mjög mikilvægu hlutverki í alþjóðaviðskiptum og ekki síður fyrir íslenskt samfélag en Eimskip er eina íslenska samstæðan sem gerir út kaupskip á íslenska markaðnum. Það skiptir máli að lagaumgjörð um slíka starfsemi sé samkeppnishæf og að allar eftirlits- og öryggiskröfur séu samræmdar og tryggðar. Er það mat Eimskip að þau drög sem liggja fyrir vegna uppfærslu á íslenski alþjóðlegri skipaskrá séu að mestu sambærileg þeirri umgjörð sem gengur og gerist á alþjóðlegum mörkuðum.

Tilgangur og markmið frumvarpsins hljóta alltaf að vera að byggja upp alþjóðlega skipaskrá sem stuðlar að því að hér skapist tækifæri, bæði í landi og fyrir íslenska farmannastétt á alþjóðlegum skipum sem sigla undir íslenskum fána líkt og t.d. nágrannaríkin Færeyjar og Noregur hafa náð að gera.

Að þessu sögðu þá bendir félagið á mikilvægi þess að umgjörðin taki m.a. tillit til eftirfarandi þátta:

- Tryggja þarf þjónustu við skráningu skipa, s.s. útgáfu vottorða, skráningar á veðum og útgáfu skírteina til áhafna o.s.frv. Sú þjónusta þarf að vera opin allan sólarhringinn alla daga ársins.
- Íslensk alþjóðleg skipaskrá þarf að vera samkeppnishæf skattalega og mikilvægt að nýtt frumvarp Fjármála- og efnahagsráðuneytis komi fram samhliða þessu frumvarpi, eins og boðað er í umsögn um það.
- Reglur vegna skipaskoðunar þurfa að vera skýrar og eftirlit þarf að vera í höndum alþjóðlegra viðurkenndra flokkunarfélaga.
- Mikilvægt er að þær reglugerðir sem ráðherra setur á grundvelli þessara laga endurspegli einnig þau markmið að skráin verði samkeppnishæf sem alþjóðleg skipaskrá.

Að ofansögðu er það von félagsins að frumvarpið fái málefnalega umfjöllun á Alþingi og skapi þar með grundvöll fyrir því að hér takist að byggja upp samkeppnishæfa alþjóðlega skipaskrá með þeim tækifærum sem því fylgir.

F.h. Eimskipafélags Íslands hf.

Vilhelm Már Þorsteinsson, forstjóri